

FUNDARGERÐ

63. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn miðvikudaginn, 25. febrúar 2009, kl. 15:30, á skrifstofu formanns, Menntavísindasviði HÍ, Bolholti 6, Rv.

Fundinn sátu: Amalía Björnsdóttir, formaður, Eyrún Rúnarsdóttir, Sigurlína Davíðsdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð. Meyvant og Sigurjón boðuðu forföll.

Tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Tímarit Félags um menntarannsóknir.
 - a) Ný ritnefnd: Ákveðið að skipun nýrrar ritnefndar bíði nýrrar stjórnar FUM, en fyrir liggja nöfn félaga sem hafa boðið sig fram til starfa fyrir félagið.
 - b) Reglur um útgáfu: Formaður lagði fram tillögur frá ritstjórn tímaritsins að *Reglum um útgáfu Tímarits um menntarannsóknir* (um útgefanda, félagsgjöld, skipan ritstjórnar, verkefni hennar og verkaskiptingu milli stjórnar FUM og ritstjórnar). Reglurnar samþykktar.
 - c) Samningur um útgáfu: Formaður lagði fram drög að *Samningi um útgáfu Tímarits um menntarannsóknir fyrir árin 2008 til 2010* (um útgáfu eins tölublaðs á ári, tilvísun í ritstjórnarstefnu (sjá fundargerð 60. fundar) og reglur um útgáfu, nöfn núverandi fulltrúa í ritnefnd og þóknun til ritstjóra sem núverandi ritstjóri þiggur ekki). Samningurinn samþykktur.
 - d) Verkferill við útgáfu og leiðbeiningar til greinahöfunda: Formaður lagði fram til kynningar skráðan verkferil ritstjórnar við útgáfu ritsins (s.s. innköllun greina, efni til ritryna, mat á greinum, yfirlestur, próförk og prentun, ásamt tímasetningum) og leiðbeiningar til greinahöfunda sem ritstjórn hefur gert.
 - e) Fjárhagsstaða: Fram kom að kostnaður við ritið árið 2007 var um 1,3 milljónir kr., en ekki liggur enn fyrir kostnaður við ritið árið 2008.
3. Orðasafn á sviði menntunarfræða. Formaður greindi frá því að Kennarasamband Íslands hefði tilnefnt sem fulltrúa sinn í orðanefndina Jón I. Hannesson, framhaldsskólakennara. Þar með er fullskipað í nefndina sem starfa mun á vegum Félags um menntarannsóknir og Menntavísindasviðs HÍ. Í nefndinni sitja: Gerður G. Óskarsdóttir og Guðrún Geirsdóttir, fulltrúar FUM, Baldur Sigurðsson og Þuríði Jóhannsdóttur, fulltrúar Menntavísindasviðs, og Jón I. Hannesson, fulltrúi KÍ. Samþykkt að skipa Gerði G. Óskarsdóttur sem formann nefndarinnar.
4. Undirbúningur aðalfundar Félags um menntarannsóknir, haldinn fimmtudaginn 5. mars nk., kl. 15:30. Fjallað um reikninga, skýrslu stjórnar, félagsgjöld o.fl.
5. Námskeið: Námskeið um notkun Power Point verður haldið n.k. laugardag kl. 9:00-12:00 og hefur Hafþór Guðjónsson tekið að sér að stýra námskeiðinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:10.
G.G.Ó.